

Nd.

56. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 57 frá 22. nóvbr. 1907 um vegi.

Flutningsm.: Sigurður Sigurðsson, Ólafur Briem og Einar Jónsson.

1. gr.

Landssjóður kostar viðhald flutningsbrautarinnar frá Reykjavík um Ölfus, Flóa og Holt, að Ytri-Rangá, ásamt viðhaldi og gæzlu brúnna yfir Þjórsá og Ölfusá.

2. gr.

Þegar flutningabraut er fullgerð, getur stjórnarráðið afhent hana sýslu eða sýslum til viðhalds, að aflokinni úttekt á brautinni. Skulu úttektarmenn vera tveir, en verkfræðingur sá, er stjórnar vegagerð landsins, er sjálfkjörinn oddamaður. Stjórnarráðið útnefnir annan úttektarmanninn, og skal hann vera búsettur í héraði því, er brautín liggur um og viðhaldsskyldan hvílir á. Hinn úttektarmanninn skipar sýslunefnd þeirrar sýslu eða sýslna, er eiga að taka að sér viðhaldið. Úttektarmönnum skulu greiddar 4 kr. á dag úr landssjóði, meðan þeir eru að úttekt.

Afhending flutningabrauta má þó aldrei fara fram fyrri en tveimur árum eftir að lokið var að byggja hana, enda hafi verið bættar á landssjóðskostnað allar skemdir, sem orðið hafa þessi tvö fyrstu ár, og eigi eru að kenna umferð. Skulu bæturnar vera svo fullkomnar, að svo miklu leyti, sem unt er, að eigi sé hætt við samskonar skemdum aftur.

3. gr.

Kostnaður við hreppsvegi greiðist úr sveitarsjóði, en í hann skal greiða hreppsvegagjald 1 kr. 25 auru fyrir hvern verkfæran karlmann í hreppnum 20—60 ára, í hvaða stöðu sem er. Heimilt er hreppsnefnd að ákveða fyrir eitt ár í senn, að hreppsvegagjald skuli hærra vera, alt að 3 kr. fyrir hvern verkfæran mann.

Nafnaskrár yfir verkfæra karlmenn, sem um er rætt í 20. gr. vegalaganna,

skulu samdar í október ár hvert. Samrit af verkfæraskránni skal hreppstjóri láta hreppsnefndaroddvita í té, og eftir skrá þessari er vegagjaldið ákveðið.

4. gr.

Til vegagerða má ekki verja meiru fé úr sveitarsjóði en hreppsvegargjaldinu nemur. Nú telur hreppsnefnd æskilegt, að framkvæmd sé á kostnað hreppsins meiri vegagerð en svo, að hreppsvegagjaldið hrökkvi fyrir henni, og má hún þá greiða það, sem til vantar úr sveitarsjóði, ef meiri hluti allra gjaldenda í hreppnum, þeirra er kosningarrétt hafa til hreppsnefndar, samþykkir á lögmætum sveitarfundi, og sé með þeirri samþykkt ákveðið, hve mikilli upphæð megi verja til vegagerðar úr sveitarsjóði, umfram hreppsvegagjaldið.

5. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin staflíður a, 8. gr.: Landssjóður til Ölfusi; staflíður d. sömu gr.; 10. gr.; 24. gr.; 26. gr.; fyrri liður 27. gr.; 54. og 55. gr. í lögum frá 22. nóvember 1907 um vegi.